

# Eystrahorn

6. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 10.febrúar 2022

www.eystrahorn.is

## Varða – Afrakstur vinnustofu á Breiðamerkursandi



Hópurinn sem tók þátt í vinnustofunni

Í september síðastliðnum var haldin vinnustofa á Breiðamerkursandi á vegum Vörðu verkefnisins. Afrakstur þessarar vinnustofu var skjal með hugmyndum og ráðleggingum franskra ráðgjafa í vinnustofunni.


Varða er samstarfsverkefni á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. 21. apríl 2021 tilkynnti þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Þórdís Kolbrún Gylfadóttir Reykjavíkur, að Jökulsárlón í Vatnajökulspjóðgarði yrði einn af fjórum fyrstu Vörðu stöðum Íslands.

Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvisu. Megin aðdráttarafl þeirra eru náttúrufrábærni og/ eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir. Auk Jökulsárlóns eru Þingvellir, Gullfoss og Geysir með í verkefninu.

Fulltrúar þeirra þriggja stofnana á bak við Vörðu staðina hafa síðustu mánuði tekið þátt í vinnu ásamt starfsfólki ráðuneytisins við að þróa verkefnið áfram.

Í upphafi var gefið út stefnskjal Vörðu, en skjalið tekur á þáttum sem varða uppbyggingu, þjónustu við gesti og upplifun þeirra, innviði og öryggismál Vörðu staða. Skjalið er lifandi, það er, það mun taka breytingum eftir því sem verkefnið þróast.

Í fyrstu úthlutun verkefnisins fékk Vatnajökulspjóðgarður 75 m.kr. Fjármagnið



Anne Vourch'h, Alain Freydet, Yoann Bit-Monnot, Assistance Mission for the Sites of Merit in Iceland Project, 2021

skiptist niður á þrjú verkefni sem brýnt þótti að fara af stað með; (1) heimtaugar, búnað og undirbúning fyrir rafhleðslustöðvar í Eystri- og Vestari Fellsfjöru, (2) áningarstaðir og göngustígagerð, og (3) þolmarkarannsókn. Öll verkefni eru í vinnslu og mun þeim ljúka á árinu 2022.

Í september s.l. var svo haldin vinnustofa, en þá heimsóttu Jökulsárlón fulltrúar ráðuneyta og allra vörðustaðanna, auk þriggja franskra ráðgjafa, með það að markmiði að máta áfangastaðinn við hugmyndafræði og viðmið Vörðu. Heimsóknin heppnaðist

afar vel. Breiðamerkursandur tók á móti þátttakendum með öllum tegundum af veðri, en allir voru sammála um að einstakt umhverfi lónanna, íssins í fjörunni, og samspils manns og náttúru væri helsta aðdráttarafl svæðisins og þyrfti að gera hátt undir höfði í framtíðar uppbyggingu.

Afrakstur þessarar vinnustofu var skjal með hugmyndum og ráðleggingum ráðgjafanna, en það ásamt stefnskjali verkefnisins má finna á [www.varda.is](http://www.varda.is).

Steinunn Hödd Harðardóttir

Nálgast má blaðið og eldri blöð á [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Deiliskipulag Breiðabólstaðatorfu í Suðursveit

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 13.01.2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Breiðabólstaðatorfu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með deiliskipulaginu er að móta ramma um byggð á Breiðabólstaðatorfu og staðsetja grunninnviði. Skilgreindar eru byggingaheimildir til að þróa byggðina áfram og efla starfsemi á svæðinu. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir fasta íbúa og starfsfólk sem býr í skemmri tíma á staðnum. Ennfremur gistirými í viðbyggingum við gistihús sem þegar standa og nýjum smáhúsum. Heimiluð er endurnýjun eldri húsa og bygging nýrra til notkunar í landbúnaði og til að þróa ferðaþjónustu á staðnum.

Tillagan er til sýnis frá og með 26. janúar til 9. mars 2022 í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn. Einnig er hægt að skoða deiliskipulagstillöguna á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunina til **9. mars 2022**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is)

Auglýsing þessi var áður birt 26. janúar en er endurbirt vegna rangs heitis deiliskipulagsins í fyrri auglýsingu. Athugasemdarfrestur breytist ekki.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA KÆRU FÉLAGSMENNI!

**Samvera í Ekru föstudaginn**

11. febrúar kl. 17:00. Sigurður Hannesson sýnir gamlar myndir og spjallar.

**Þriggja kvölda félagsvist** í Ekru 17. febrúar – 24. febrúar og 3. mars kl 20.

Vöflukaffi og tónleikar með Ekrubandinu sunnudaginn 20. febrúar (konudaginn) kl. 15:00.

Nú horfir allt til betri vegar og því engin ástæða til að sitja heima!



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Lausar lóðir

Kæru íbúar,

Starfsmenn sveitarfélagsins vilja vekja athygli á að íbúðarhúsalóðum nr. 8 og 10 við Júllatún hefur verið skilað aftur til sveitarfélagsins og eru því lausar til úthlutunar. Auk þeirra eru þrjár íbúðarhúsalóðir á Dalbraut – 2A, 2B, og 2C einnig lausar til úthlutunar.

Um úthlutun lóða fer eftir reglum sveitarfélagsins sem eru aðgengilegar á heimasíðunni: [hornafjordur.is](http://hornafjordur.is).



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Ferðafélag Austur-Skaftfellinga Laugardaginn 12.febrúar



Lækjarnes í Nesjum, svæðið er sléttlent svo gangan hæfir öllum aldurshópum.

Ferðanefnd hvetur alla til að taka þátt, njóta hreina loftsins og útsýnis til fjallahringsins.

Mæting á Tjaldsvæðið kl. 10:00 Ef hundur er með í ferð þarf að hafa taum tiltækan.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi:..... HLS ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)  
Prófarfalestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent  
ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu  
Eystrahorns?  
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/  
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

## Vilt þú bjóða þig fram á lista fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor ?

Sjálfstæðisfélag A: Skaft auglýsir eftir framboðendum sem gefa kost á sér á framboðslista fyrir komandi kosningar.

Við leitum eftir fólki af öllum kynjum og aldri, 18 ára og eldri. Framboðendur skulu vera kjörgengir í næstu sveitarstjórnarkosningar og búsettir í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Nánari upplýsingar veita Róbert í  
síma 840-1718  
og Lovísa Rósa í síma 8950454.  
Einnig er hægt að senda póst á  
[xdhofn@gmail.com](mailto:xdhofn@gmail.com)



## Ungmennafélagið Sindri - Aðalfundur

Aðalfundur Ungmennafélagsins Sindra  
verður haldinn þann

**1. mars kl. 17.00**  
í félagsheimili Heklu.



Dagskrá fundarins  
Hefðbundin aðalfundarstörf


# Hornafjörður Náttúrulega – innleiðing heimsmarkmiða

Sveitarfélagið samþykkti stefnumótun fyrir sveitarfélagið í nóvember 2021. Í stefnumótuninni er lögð áhersla á innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin eru 17 ásamt 169 undirmerkmum. Við stefnumótunarsvinnuna var framkvæmd áhættu og mikilvægisgreining fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð og í framhaldi lögð áhersla á heimsmarkmið 11 – sjálfbærar borgir og samfélög en jafnframt eru heimsmarkmiðin tengd við fjóra megin áhersluþætti stefnunnar sem eru:

- Að vera leiðandi í umhverfis og loftlagsmálum
- Byggja upp fjölskylduvænt samfélag
- Að hér verði blómlegt atvinnulíf
- Gagnsæ og aðgengileg stjórnýsla

Stefnuna má nálgast á heimsíðu sveitarfélagsins og þar má kynna sér betur helstu aðgerðir sem lögð verður áhersla á.

Hluti af innleiðingu stefnunnar er að kynna heimsmarkmiðin fyrir íbúum. Fréttamiðlun á vegum sveitarfélagsins verður hér eftir tengd



Hér má sjá yfirlit yfir hluta þeirra aðgerða sem samþykkt var að setja á oddinn í stefnu sveitarfélagsins. Það má sjá gullitaðar aðgerðir sem eru annað hvort komnar vel á veg eða lokið.

heimsmarkmiðunum. Jafnframt hefur verið sett fram áætlun um að efla upplýsingagjöf til íbúa um starfsemi sveitarfélagsins og helstu verkefni sem unnið er að.

Heimsmarkmiðin ríma mjög vel við barnvænt sveitarfélag en það verkefni er í góðum farvegi. Sveitarfélagið er einnig heilsueflandi sveitarfélag og skólar sveitarfélagsins eru grænifána skólar. Það rýmir vel við umhverfis-

og loftslagsstefnu sem er nú á lokametrunum. Þá er verið að kortleggja losun kolefnis í sveitarfélaginu og greina úrgangskerla sorps með það að markmiði að finna leiðir til að nýta betur úrgang í anda hringrásarhagkerfis. Þetta eru brot af þeim verkefnum sem nú eru í vinnslu.

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri*

## REFASPJALL Í NÝHEIMUM

Ester Rut Unnsteinsdóttir spendýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofun Íslands heldur erindi í Nýheimum á Höfn í Hornafirði, **fimmtudaginn 17. febrúar kl. 17:00.**

Erindið fjallar um rannsóknir á íslenskum refum, sem eru að stærstum hluta byggðar á langtíma samstarfi vísindamanna og veiðimanna. Sagt verður frá sérstöðu íslenska refsins og lífnaðarháttum hans, fæðuvistfræði og fleiru áhugaverðu.

Að loknu erindi verða umræður um efnið ásamt umfjöllun um stöðu refaveiða og vöktunar á Suðausturlandi.

*Allir velkomnir,  
en gætum að sóttvörnum.*



©David Gibbon



## Aðalfundur Rauða krossins á Höfn

Aðalfundur Hornafjarðardeildar Rauða krossins verður haldinn

**Fimmtudaginn 24. febrúar/mars kl. 20.00**

Í húsi AFLS við Víkurbraut á annari hæð ef reglur um sóttvarnir leyfa.

Að öðrum kosti verður fundurinn haldinn í fjárfundi sama dag og á sama tíma, vinsamlega fylgist með á heimasíðu Rauða krossins undir viðburðir.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 21. gr.
6. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
7. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra. Skv. 22. gr.
8. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu félagsgjöld fyrir árslok 2021. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfbóðaliðum með sjálfbóðaliðasamning.

Grimuskylda er á staðfundi

Stjórnin



# Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

## Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð** og **samstarf**  
svo lífsgæði eflist og mannlíf á  
Suðurlandi blómstri

## Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með  
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**  
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á [www.sass.is](http://www.sass.is)

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT  
ÞRIÐJUDAGINN 1. MARS, KL. 16:00



### RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.  
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á  
vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁETLUN  
SUÐURLANDS



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Humarhátíð

Sveitarfélagið Hornafjörður leitar  
eftir áhugasömum einstaklingum  
eða félagasamtökum til að taka við  
skipulagningu og utanumhald  
Humarhátíðar í ár.

Frekari upplýsingar veitir  
Eyrún Helga Ævarsdóttir  
í síma 470 8052  
[eyrunh@hornafjordur.is](mailto:eyrunh@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Þjónustufulltrúi og gjaldkeri í ráðhúsi

Stjórnsýslu- og fjármálasvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir  
laust til umsóknar starf þjónustufulltrúa/gjaldkera. Starfið felst í  
almennri þjónustu við ytri og innri viðskiptavinum sveitarfélagsins,  
verkefnum tengdum bókhaldi, skjalavörslu, innkaupum og greiðslu  
reikninga fyrir sveitarfélagið og fyrirtæki þess.

### Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun og/eða reynsla af skrifstofu- og afgreiðslustörfum.
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Þekking og reynsla í Navision bókhaldskerfi og One málakerfi er kostur.
- Sjálfstæði, skipulagsfærni, samvirkusemi og nákvæmni.

Umsóknarfrestur er til 21. febrúar 2022. Umsóknir sendist rafrænt á netfangið  
[olof@hornafjordur.is](mailto:olof@hornafjordur.is). Frekari upplýsingar um starfið veitir Ólöf I. Björnsdóttir  
fjármálastjóri í síma 470-8018 eða á [olof@hornafjordur.is](mailto:olof@hornafjordur.is)

## Skrifstofumaður á Höfn

Embætti sýslumanns á Suðurlandi er stjórn-sýslu- og þjónustustofnun sem reist er á gömlum grunni og annast fjölbætt viðfangsefni framkvæmdarvalds ríkisins í héraði. Áherslur vinnustaðarins byggja á góðri þjónustu, skilvirku verklagi og öflugri liðsheild. Laust er til umsóknar tímabundið starf skrifstofumanns á starfsstöð embættisins á Höfn í Hornafirði. Ráðið verður í starfið til eins árs.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Á Höfn er ein fjögurra starfsstöðva embættisins þar sem fram fer afgreiðsla almennra erinda auk umsjónar með málefnum dánarbúa og útgáfu ýmissa leyfa fyrir allt embættið. Helstu verkefni starfsmanns lúta að framangreindum verkefnum.

### Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Reynsla af skrifstofu- og/eða þjónustustörfum eða í sambærilegu starfi er kostur.
- Jákvæðni, þjónustulund og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, nákvæmni, sjálfstæð og traust vinnubrögð.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð almenn íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.

Embætti sýslumanns er framsækinn vinnustaður sem skipaður er hæfu starfsfólki og veitir metnaðarfulla þjónustu. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn að tileinka sér gildi og áherslur vinnustaðarins.

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Sameyki hafa gert. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-15:12. Starfið heyrir undir sýslumann.

Umsókn um starfið þurfa að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, ásamt upplýsingum um meðmælendur, auk annarra atriða sem máli kunna að skipta.

Sótt er um starfið á Starfatorgi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningu verður tekið mið af jafnréttisáætlun embættisins.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 18.02.2022



### Nánari upplýsingar veitir

Kristín Þórðardóttir - [kristin.thordardottir@sylsumenn.is](mailto:kristin.thordardottir@sylsumenn.is) - 4582800

Anna Lilja Ragnarsdóttir - [anna.lilja.ragnarsdottir@sylsumenn.is](mailto:anna.lilja.ragnarsdottir@sylsumenn.is) - 4582800

# Sumarstörf í einstakri náttúru

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

Meningarmálastofnun  
Sameinuðu þjóðanna

Vatnajökulsþjóðgarður  
Lifandi samspöl elds og íss  
Samþykktur á heilbrigðisskrá 2019

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir eftir landvörðum, þjónustufulltrúum og verkamönnum í sumar. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu þjóðgarðsins og á starfatorgi.is



# SAFARÍK HELGARTILBOÐ

GILDA: 10.–13. FEBRÚAR

## GRÍSAKÓTILETTUR

Í RASPI

KJARNAFÆÐI

1.481 KR/KG

ÁÐUR: 2.469 KR/KG

40%  
AFSLÁTTUR



20%  
AFSLÁTTUR

Lambahryggur  
Hálfur, rifjamegin  
2.799 KR/KG  
ÁÐUR: 3.499 KR/KG



35%  
AFSLÁTTUR

Nautagúllas  
2.144 KR/KG  
ÁÐUR: 3.299 KR/KG

KJÖTBANKINN



20%  
AFSLÁTTUR

Mini hamburgarar  
Street Food, 8 stk.  
+ Barion sósa  
1.919 KR/PK  
ÁÐUR: 2.399 KR/PK

Heilsuvara  
vikunnar!  
★★★

25%  
AFSLÁTTUR

Vegan fjölvítamín  
New Nordic, 120 hlaup  
2.099 KR/STK  
ÁÐUR: 2.799 KR/STK



20%  
AFSLÁTTUR



Kjúklingapottrettur  
í tikka masala, 600 g  
1.199 KR/PK  
ÁÐUR: 1.499 KR/PK



30%  
AFSLÁTTUR


Hafrabrauð  
687 g  
349 KR/STK  
ÁÐUR: 499 KR/STK

Mangó  
405 KR/KG  
ÁÐUR: 579 KR/KG

30%  
AFSLÁTTUR



nettó



FÁÐU BETRA VERÐ MED  
SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.  
Þú getur notað Samkaupa-  
appið í öllum verslunum Nettó.



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.  
Vöruúrval getur verið breytlegt milli verslana.